

SJÚKRALIÐABRÚ 83 EIN.

Sjúkraliðabré er námsleið til starfsréttinda sjúkraliða. Hún er ætluð fullorönu fólki sem óskar að fá metna starfsreynslu og óformlegt nám á hjúkrunar- og umönnunarsviði til styttingar á námi á sjúkraliðabraut (SJ). Skilyrði til innritunar í nám á sjúkraliðabré eru að umsækjandi sé orðinn 23 ára gamall, hafi 5 ára starfsreynslu við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra og framvísi staðfestingu frá vinnuveitanda þar að lútandi. Auk þess þarf viðkomandi að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarfélaga, sveitarfélaga og/eða annarra aðila með það að markmiði að auka kunnáttu og færni til starfa á hjúkrunarsviði og skal það nám metið til styttingar á sérnámi samkvæmt námskrá sjúkraliðabrautar. Skólameistari ber ábyrgð á slíku mati í samræmi við ákvæði í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta. Mælt er með þeirri viðmiðun að námskeið að umfangi 230-260 stundir jafngildi 12 einingum af sérgreinum sjúkraliðabrautar og að nemendur fái þá fyrst og fremst metna áfanga sem eru merktir með stjörnu (*) í yfirlitinu hér fyrir neðan. Ennfremur er skólameistara heimilt að meta starfsreynslu sem fellur vel að markmiðum brautarinnar til styttingar á vinnustaðanámi og starfsþjálfun. Starfsþjálfun sem nemandi tekur sem hluta af námi á sjúkraliðabraut skal fara fram á nýjum vinnustað/vinnustöðum.

Um lokamarkmið, almenn ákvæði um nám og kennslu og áfangalýsingar sérnáms í skólanámi sem og vinnustaðanámi og starfsþjálfun vísast til aðalnámskrár framhaldsskóla: sjúkraliðabraut <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/sjukralidabraut.pdf>. Um útgáfu starfsleyfis vísast til reglugerðar nr. 897/2001 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða. Sá sem lokið hefur sjúkraliðanámi af brú með fullnægjandi árangri getur sótt um starfsleyfi sjúkraliða enda þótt viðkomandi hafi ekki lokið almennum greinum sjúkraliðabrautar samkvæmt aðalnámskrá. Sá hinn sami kann hins vegar að þurfa að ljúka námi í almennum greinum sjúkraliðabrautar til að geta stundað framhalds- eða viðbótarnám að loknu námi samkvæmt sjúkraliðabré.

Sérgreinar sjúkraliðabrautar

| | | |
|---------------------------|-------------------------|--------|
| Félagsfræði*) | FÉL 103 | 3 ein. |
| Heilbrigðisfræði | HBF 103 | 3 ein |
| Hjúkrunarfræði bókleg | HJÚ 103 203 303 403 503 | 15 ein |
| Hjúkrunarfræði verkleg | HJV 103 | 3 ein |
| Líffæra- og lífeðlisfræði | LOL 103 203 | 6 ein |
| Líkamsbeiting | LÍB 101 | 1 ein |
| Lyfjafræði | LYF 103 | 3 ein |
| Náttúrufræði*) | NÁT 103 123 | 6 ein. |
| Næringarfræði | NÆR 103 | 3 ein |
| Sálfræði | SÁL 123 | 3 ein |
| Samskipti*) | SAS 103 | 3 ein |
| Siðfræði | SIÐ 102 | 2 ein |
| Sjúkdómafræði | SJÚ 103 203 | 6 ein |
| Skyndihjálp | SKY 101 | 1 ein |
| Sýklafræði | SÝK 103 | 3 ein |
| Upplýsingatækni | UTN 103 | 3 ein |

64 ein

Vinnustaðanám

15 ein.

Starfsþjálfun

16 ein.

*) Gert er ráð fyrir að meta megi fyrra nám sem jafngildi FÉL103.

*) Gert er ráð fyrir að meta megi fyrra nám sem jafngildi NÁT03 og 123

*) Gert er ráð fyrir að meta megi fyrra nám sem jafngildi SAS103